

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 48/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Árna Kristni Sveinssyni

(Forvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu og nokkur ný gögn lögð fram.

Upplýst er, að atburður sá, er mál þetta er af risið, varð föstudaginn 1. ágúst 1969, en ekki föstudaginn 2. ágúst 1969, eins og misritazt hafði í endurriti af lögreglu- og varðstjóra-skýrslum þeim, sem upprunalega voru lagðar fram við rannsókn málsins, og einnig í ákæru og svo í héraðsdómi. Veldur þetta ekki ógildi ákæru, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Í hinum áfrýjaða dómi er nægjanlega greint frá atvikum að akstri ákærða og handtöku.

Merkingu á blóðsýnishorni því, er úr ákærða var tekið, og meðferð þess eftir það var svo mjög áfátt, eins og í héraðsdómi getur, að á skýrslunni um rannsókn á vínandamagni í blóðsýnishorni, sem lögð var fram í héraði, verður ekki byggt um sök ákærða í máli þessu. Með framburðum þriggja vitna er aftur á móti sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis föstudagskvöldið 1. ágúst 1969, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Er brot ákærða þar heimfært til rétttra refsíákvæða.

Ber að staðfesta kvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakar-

innar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 18.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að ákæra í máli þessu er gefin út hinn 15. desember 1969, er eingöngu hafði verið tekin skýrsla af ákærða einum fyrir dómi, en ekkert vitni yfirheyr.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða á að vera óraskað að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða skal vera óraskað.

Ákærði, Árni Kristinn Sveinsson, greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun hér fyrir dómi, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. marz 1971.

Ár 1971, mánudaginn 1. marz, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 701/1969: Ákærvaldið gegn Árna Kristni Sveinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. nóvember 1970, en var endurupptekið 1. marz 1971 og dómtekið að nýju sama dag, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 5. desember 1969, höfðað gegn Árna Kristni Sveinssyni rafvirkja, Arnarhrauni 3, Grindavík, fyrir að aka föstudagskvöldið 2. ágúst (sic) 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 3679 frá Sunnubraut 1, Grindavík, sem leið liggur austur Hafnargötu, norður Ránargötu og að gatnamótum Hraunbrautar og Hvassahrauns, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. febrúar 1931 í Ólafsvík, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1951 30/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Verjandi ákærða, hæstaréttarlögmaður Þorvaldur Þórarinsson, hefur krafizt þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til hans, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 2. ágúst (sic) 1969, kl. 2200, var hringt til lögreglunnar í Grindavík og henni tilkynnt, að grunur léki á, að ökumaður bifreiðarinnar G 3679 væri að aka undir áhrifum víns. Guðfinnur J. Bergsson lögregluvarðstjóri fór að athuga um þetta og sá eftir nokkra leit, hvar bifreiðinni G 3679 var ekið austur Hafnargötu og beygt til norðurs Ránargötu. Lögregluvarðstjórinn fylgdi bifreiðinni eftir, þar til hún var stöðvuð við gatnamót Hraunbrautar og Hvassahrauns, og hafði þar tal af ökumanni hennar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Heyrði varðstjóri á mæli ákærða, að hann var ekki eins og venja hans var til, en hann viðurkenndi að hafa neytt víns. Var hann færður fyrir hjúkrunarkonu staðarins, sem tók honum blóð til alkóhólrannsóknar. Þá tók og Guðfinnur varðstjóri af honum varðstjóraskýrslu, þar sem ástandi ákærða er svo lýst, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, augu vot, andlit eðlilegt, jafnvægi stöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar skýrt, framkoma kurteis, en framburður dálítið ruglingslegur.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atvikum svo, að föstudagskvöldið 2. ágúst (sic) 1969 hafi hann drukkið um eitt glas af Vodka víni og verið einn við þá drykkju á verkstæði sínu við Sunnubraut 1, Grindavík.

Skömmu fyrir kl. 2200 um kvöldið kvaðst hann hafa sett undir stýri bifreiðar sinnar, G 3679, sem hann hafði lagt utan við verkstæðið, og ekið henni sem leið liggur um Hafnargötu að Hafnarvigtinni og þaðan austur Hafnargötu, norður Ránargötu og að gatnamótum Hraunbrautar og Hvassahrauns.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa

við aksturinn, og ekki minntist hann þess, að hann hefði haft vín meðferðis í bifreiðinni, svo að ekki hefði hann neytt áfengis, meðan á akstri stóð.

Hann kvað Kristín Ólafsson, Hvassahrauni 10, Grindavík, hafa verið farþega í bifreiðinni og ákærði tekið hann upp í bifreiðina á framangreindri akstursleið.

Vitnið Guðfinnur Bergsson lögregluvarðstjóri hefur staðfest lögregluskýrslu sína sem réttta. Það kvaðst hafa fylgzt með akstri bifreiðarinnar G 3679 austur Hafnargötu og norður Ránargötu, þar til hún hafi verið stöðvuð við gatnamót Hraunbrautar og Hvassahrauns, og virtist því aksturinn eðlilegur. Vitnið kvaðst hafa merkt, að ákærði var greinlega undir áhrifum áfengis. Hann hafi haft öll þau einkenni, sem það hafði áður lýst í varðstjóra-skýrslu, en að auki hafi hann verið linmæltari en hann átti vanda til, en vitnið kvaðst vera persónulega kunnugt ákærða.

Vitnið Kristinn Ólafsson, Hvassahrauni 10, Grindavík, kvað ákærða hafa boðið því upp í bíl sinn föstudagskvöldið 2. ágúst (sic) 1969 og þeir þar tekið að ræðast við um viðgerð á kynditæki, sem ákærði hafði unnið að daginn áður hjá vitninu, en vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða lengi. Ákærði hafi svo ekið bifreiðinni niður Víkurbraut og Austurveg og upp Ránargötu og heim, en húsið Múli sé hornhús við Austurgötu og Víkurbraut. Kvaðst vitnið hafa verið í bifreiðinni, er lögregluna bar að. Það kvaðst í fyrstu ekki hafa tekið neitt eftir því, að neitt óeðlilegt væri í fari ákærða, en þegar það hafi tekið að ræða við hann, hafi því virzt hann bera ölvunareinkenni, þannig hafi hann verið örari og skrafhreifari en hann átti vanda til. Það kvaðst ekki hafa séð ákærða ganga í umrætt sinn og því ekki geta dæmt um, hvernig jafnvægi hans hafi verið, en hann hafi verið skýr í tali og greint skilmerkilega efni þau, sem um var verið að ræða í sambandi við miðstöðina. Ekki kvaðst það hafa fundið áfengisþef af ákærða, en mundi ekki, hvort gluggi bifreiðarinnar var opinn í umrætt sinn. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða hafa vín um hönd í bifreiðinni né vita til þess, að það væri geymt þar. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið neitt óeðlilegt við akstur ákærða í umrætt sinn.

Vitnið Ólafía Steinunn Sveinsdóttir hjúkrunarkona, Borgarhrauni 6, Grindavík, tók blóð úr ákærða. Það lýsir ástandi ákærða, er komið var með hann á lækningastofuna, svo, að hann hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis, hann hafi verið

óstöðugur í göngulagi, áfengislykt hafi lagt frá vitum hans og hann hafi verið frekar ruglingslegur í tali.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, mældust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 1.45% af alkóhóli.

Sönnunargildi niðurstöðu þessarar er vefngd af verjanda ákærða, sem telur hana alveg málinu óviðkomandi, þ. e. ekki verði litið á hana sem sönnunargagn í málinu. Þessu til stuðnings færir hann:

1. Blóðtakan hafi ekki farið fram lögum samkvæmt, þar eð framkvæmt hafi hana aðili, sem hafi verið vanhæfur til þess.
2. Merkingu blóðsýnishornins hafi verið áfátt og meðferð þess eftir blóðtöku verið óljós.

Um 1. Svo sem greint er frá hér að framan, tók hjúkrunarkonan í Grindavík ákærða blóð í umrætt sinn. Leitað var álits Kjartans Ólafssonar, héraðslæknis fyrir Grindavík, um hæfni hjúkrunarkonunnar til verksins. Kemur þar fram sú skoðun hans, að blóðtaka sé læknisaðgerð og annað samrýmist ekki lögum en að hún sé gerð af lækni eða undir umsjá hans. Þá kemur og fram, að Ólafía Sveinsdóttir hjúkrunarkona hefur ekkert leyfi fengið hjá héraðslækninum til blóðtöku í sérstökum tilfellum né að taka ákærða blóð í þessu tilviki. Hjúkrunarkonan starfaði á vegum Grindavíkurhrepps.

Í 25. gr. laga nr. 58/1954, nú lög nr. 82/1969, er kveðið svo á, að blóðrannsókn skuli framkvæma læknir eða annar kunnáttaður. Þá segir í 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga, að lögreglan geti fært grunaðan mann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Af lagagreinum þessum er ljóst, að læknir skuli hafa á hendi og stjórna blóðrannsókn, þ. á m. blóðtöku, sem teljast verður læknisaðgerð. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 42/1965 er hjúkrunarkonum óheimilt að sinna læknisstörfum nema eftir fyrirmælum læknis. Í greindu tilviki var ekki haft samráð við lækni né leyfis hans aflað til þess, að hjúkrunarkonan framkvæmdi blóðtökuna, og verður því að telja, að blóðtakan hafi ekki farið löglega fram. Hins vegar var hjúkrunarkonan yfirheyrð um, hvernig hún framkvæmdi blóðtökuna, og kemur þar fram, að hún hefur farið að eins og venja er hjá lækni svo og gengið tryggilega frá blóðsýninu.

Um 2. Guðfinnur Bergsson lögregluvarðstjóri aðstoðaði hjúkrunarkonuna við að ganga frá glasinu, sem blóðið var sett í, og hafði blóðsýnið á brott með sér. Merkingu á glasinu kvað hann hafa farið fram morguninn eftir. Hafi hún farið fram eins og venja er til hjá lögreglunni í Grindavík í slíkum tilvikum. Þ. e. með því að skrifa á bréfræmu sama númer og bókstafi og merkt var við nafn ákærða í blóðbók og líma svo miðann á glasið, en ekki mundi vitnið, hvórt það eða Gunnar Vilbergsson, lögreglumaður nr. 1, hefði merkt glasið, en það hafi verið kannað tryggilega með samlestri, að sömu bókstafir og númer væru færð inn á áður nefnda bréfræmu og færð voru inn í blóðbókina (við nafn ákærða). Lögregluvarðstjórinn kvaðst svo hafa beðið Gunnar að koma blóðinu til lögreglunnar í Hafnarfirði, sem síðan hafi séð um að koma því til skila. Þá var Guðfinni varðstjóra sýnt í réttinum blóðtökuvottorð, merkt dskj. nr. II, og kvað hann Gunnar Vilbergsson lögreglumann hafa fært inn á vottorð, að blóðið væri merkt í blóðbók Grindavíkur L. G. S. 6.

Gunnar Eyjólfsson Vilbergsson, fyrrverandi löggæzlumaður, Staðarhrauni 4, Grindavík, var kvaddur fyrir dóminn, og kvaðst hann hafa verið starfandi sem lögreglumaður í Grindavík um 2. ágúst 1969, en átt frí að kvöldi 2. ágúst og ekki verið við-staddur, er ákærði var handtekinn né er honum var tekið blóð. Kvaðst hann ekki heldur minnst þess að hafa unnið að merkingu á blóðsýnishorni ákærða daginn eftir handtöku hans, en taldi, að hann mundi muna eftir tilvikinu, hefði hann verið við það riðinn. Hann mundi heldur ekki eftir að hafa farið með greint blóðsýni til Hafnarfjarðar. Er Gunnari var sýnt blóðtökuvottorð, merkt dskj. nr. II, kannaðist hann ekki við að hafa ritað á það, um hvernig blóðsýni væri merkt í blóðbók Grindavíkur.

Gunnar vann eið að þessum framburði sínum.

Í dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði 2.—6. ágúst 1969 finnst engin bókun um, að komið hafi verið með til hennar blóðsýni frá Grindavík þessa daga.

Af því, sem rakið er hér að framan, er ljóst, að engan veginn er nægjanlega upplýst, hvernig merkingu á blóðsýnishorninu úr ákærða var varið. Ber mjög mikið á milli í framburði lögreglumannsins og varðstjórans um þetta atriði, en Gunnar lögreglumaður hefur hvorki kannast við að hafa unnið að merkingu á blóðsýnishorninu né að hafa farið með það til lögreglunnar í Hafnarfirði né að hafa ritað á blóðtökuvottorð, hvernig blóð-

sýnishornið var merkt samkvæmt blóðbók lögreglu, en Guðfinnur varðstjóri hafði haldið þessu fram.

Verður því þegar litið er til þess, að blóðtakan fór ekki fram, eins og mælt er fyrir um í 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og ekki hefur fengizt nægilega upplýst, hvernig háttað var merkingu á blóðsýnishorninu né meðferð þess eftir hana, ekki talið fært í máli þessu að leggja niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar til grundvallar, og ber því að sýkna ákærða af því að hafa brotið 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaganna.

Hins vegar verður að telja nægilega sannað með skýrslu lögreglunnar og vætti vitna, að ákærði ók bifreið sinni, G 3679, undir áhrifum áfengis frá Sunnubraut 1, Grindavík, sem leið liggur austur Hafnargötu, norður Ránargötu og að gatnamótum Hraunbrautar og Hvassahrauns, þar sem akstri lauk.

Hefur ákærði með atferli þessu gerzt brotlegur við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 3.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 5 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu á $\frac{1}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmans Þorvalds Þórarinssonar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Ríkissjóði ber að greiða $\frac{2}{3}$ hluta málsvarnarlauna og annars sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Árni Kristinn Sveinsson, greiði krónur 3.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi í 5 mánuði.

Ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmans Þorvalds Þórarinssonar, kr. 7.000.00.

Ríkissjóður greiði $\frac{2}{3}$ hluta málsvarnarlauna og annars sakarkostnaðar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.